

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 836/2014**

2017/EES/24/33

frá 31. júlí 2014

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 42. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 <sup>(2)</sup> heimila í sérstökum undantekningartilvikum fram til 31. desember 2014, við ákveðin skilyrði og ef lífrænt aldar unghænur standa ekki til boða, að flytja megi ólífrænt aldar unghænur til eggjaframleiðslu, sem eru ekki eldri en 18 vikna, inn í lífræna framleiðslueiningu.
- 2) Þróun samræmdra reglna um lífræna framleiðslu fyrir unga alifugla á vettvangi Sambandsins er flókið ferli þar eð sjónarmið eru mjög ólík að því er varðar tæknilegar kröfur. Til þess að unnt sé að fá meiri tíma til að koma á ítarlegum reglum um framleiðslu á lífrænt öldum unghænum ætti að framlengja undantekningarákvæðin um notkun ólífrænt alinna unghæna um þrjú ár.
- 3) Ákvæði 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 889/2008 heimila í sérstökum undantekningartilvikum, fyrir almanaksárin 2012, 2013 og 2014, notkun á ólífrænu prótínfóðri fyrir svín og alifugla sem nemur að hámarki 5%.
- 4) Framboð á lífrænt ræktuðu prótíni í nægilegu magni og gæðum á markaði Sambandsins hefur ekki verið nægilegt til að uppfylla næringarþarfir svína og alifugla sem eru alin á lífrænum býlum. Framleiðslan á lífrænt ræktuðum prótínjurtum annar ennþá ekki eftirspurn. Því er rétt að framlengja undantekningarmöguleika, sem felst í notkun á takmörkuðu hlutfalli af ólífrænu prótínfóðri, í takmarkaðan tíma.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 889/2008 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á reglugerð (EB) nr. 889/2008**

Reglugerð (EB) nr. 889/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað „31. desember 2014“ í b-lið 42. gr. komi dagsetningin „31. desember 2017“.
- 2) Í stað annarrar undirgreinar 43. gr. komi eftirfarandi:

„Mesta leyfilega hlutfall af ólífrænu prótínfóðri á hverju 12 mánaða tímabili fyrir þessar tegundir skal vera 5% fyrir almanaksárin 2015, 2016 og 2017.“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 230, 1.8.2014, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017 frá 17. mars 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjttíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit (Stjttíð. ESB L 250, 18.9.2008, bls. 1).

2. gr.

**Gildistaka og beiting**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---